

# Jarðvinna hafin við Krílakot


Jarðvinna er hafin vegna tilvonandi viðbyggingar við leikskólann Krílakot í Ólafsvík. Viðbyggingin, sem stendur nú á Rífi, er 80 fermetrar og er hluti af þeim fjórum húsum sem Snæfellsbær keypti úr Öskjuhlíðinni á sínum tíma en áður voru þau notuð þar undir leikskólastarfsemi. Mun þessi viðbygging bæta aðstöðu á leikskólanum til muna en samkvæmt teikningum af húsinu verður Rauða deildin færð yfir í viðbygginguna og þannig verður rýmri aðstaða fyrir bæði starfsmenn og börn. Girt hefur verið af svæðið þar sem framkvæmdirnar fara fram en spennit leikskólabörn fylgjast áhugasöm vinnuvélum og vinnuönnum að störfum. Jarðvinnan sem nú er unnið við er í höndum B. Vigfússon jarðvinnuverktaka og starfsmanna áhaldahússins. J.T. trésmíði mun sjá um sökkulvinnu, viðbygginguna og almenna smíðavinnu, H. G. Lagnir sér um pípulagnir og S.B.



raftækni leggur rafmagn í viðbygginguna. Þá kemur P. Gunnar Þorkelsson múrarameistari til með að sjá um múrvinnu. Áætlað er að ný viðbygging við Krílakot verði tekin í notkun að loknu sumarfríi eða í ágúst 2024.

SJ



  
**FASTEIGNASALA**  
**SNÆFELLSNESS**

Á heimasíðu  
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness  
**fasteignsnae.is**  
er að finna upplýsingar um allar eignir á  
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

**Pétur Kristinsson hdl.**  
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

## OPNUN 15. MARS

Föstudaginn 15. mars  
ætluð við að opna á nýjum stað,  
Ólafsbraut 19 í Ólafsvík

Opið verður frá 15.00 - 18.00 á föstudaginn

Kíkið við - það verður kaffi á könnunni



**SÓLEY SAUMAR**

ÚTSAUMUR  
LASERSKURÐUR  
FATAMERKINGAR  
TÆKIFÆRISGJAFIR  
GARN, LOPI  
HANNYRÐAVÖRUR

# Grænn dagur í Crossfitstöð CF-Snb

Þann 2. mars síðastliðinn var haldinn grænn dagur í crossfitstöðinni CF SNB á Rífi en dagurinn var til minningar um Jökul Frosta. Jökull Frosti hefði orðið 7 ára þann dag en hann lést af slysförum árið 2021. Faðir drengsins var með æfingu til styrkar Erninum í Reykjavík á sama tíma. Vildu forsvarsmenn CF SNB leggja sitt af mörkum og skipulögðu eins dag á Rífi. Þátttakendur borguðu sig inn á æfinguna en einnig var tekið við frjálsum framlögum og áheimum frá þeim sem ekki treystu sér í líkamsræktina. Allur ágóði frá deginum rann í minningar- og styrktar sjóðsinn Örninn en sjóðurinn býður upp á helgardvöl og samveru fyrir börn og unglíngja sem hafa misst náinn ástvin. Þátttakendur voru hvattir til að mæta í grænum klæðnaði á æfinguna til þess að sýna samstöðu. Skipta þurfti hópnum í



tvennt vegna góðrar mætingar og tóku þeir allra hörðustu tvö- og þrefalda æfingu í tilefni dagsins. CFSNB vill koma á framfæri þökkum til allra sem mættu og styrktu Örninn.

## Heimaleikurinn á Glasgow film festival



Sigurðanga stuttmyndarinnar Heimaleikurinn heldur ótrauð áfram en um helgina tryggði myndin sér áhorfendaverðlaun á virtri kvikmyndahátíð í Glasgow. Glasgow film festival hófst 28. febrúar og stóð yfir til 10. mars og voru aðstandendur myndarinnar í Skotlandi til þess að vera viðstödd verðlaunafhendinguna. Heimaleikurinn vann áhorfendaverðlaunin á hátíðinni en áhorfendur hafa ekki gefið mynd jafn háa einkunn í 10 ár. Heimaleikurinn var sýnd-

ur tvisvar á Glasgow film festival og hlaut hún standandi lófatök í bæði skiptin. Breski miðillinn BBC hefur fjallað um velgengni myndarinnar auk þess að Kári Viðarsson fór í símaviðtal á Radio 5 í Bretlandi fyrir stuttu þar sem myndin var einnig rædd. Á myndinni sem Eoin Carey tók eru Kári Viðarsson og Smári Gunnarsson annar leikstjóra myndarinnar að fagna verðlauninum.

JJ



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.  
Sandholt 22a, Ólafsvík  
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is

S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

## Listasýning í Þjóðgarðsmiðstöðinni

Þessa dagana prýða falleg listaverk veggi Þjóðgarðsmiðstöðvarinnar á Hellissandi sem nemendur í 1. til 4. bekk Grunnskóla Snæfellsbæjar gerðu. Nemendur unnu myndirnar í myndmenntartímum í skólanum en það er Inga Harðardóttir sem kennir þá. Viðfangsefnið var Snæfellsjökull og eru myndirnar af jöklinum og nágrenni hans. Unnið var með vatnslitum og voru sum verkin máluð og teiknuð úti. Hluti verkanna er unnin út frá hugmyndinni um hvernig er að búa inni í Snæfellsjökli og önnur er unnin út frá myndverki Petrínu Magnúsdóttur sem hún gerði af Snæfellsjökli og heimili sínu Sjólist. Í apríl eða maí verður svo önnur listasýning í Þjóðgarðsmiðstöðinni sem Inga Harðardóttir og Adela Marcela Turloiu, umsjónarkennari 3. bekkjar, hafa unnið að með 3. bekk. Sýningin verður byggð á sögunni Ferðin að miðju jarðar eftir Jules



Verne og verða þar einnig verk eftir nemendur í 6. bekk. Þjóðgarðsmiðstöðin á Hellissandi er þó ekki eini staðurinn þar sem þessir hæfileikaríku nemendur sýna verk sín á listasýningum því. Í apríl munu þau teygja anga sína suður til Reykjavíkur þar sem Barnamenningarhátið fer fram. Þá verða verk eftir nemendur í 3. bekk sett upp í Safnahúsinu í Reykjavík en þau verk voru unnin í listasmiðju hjá listakonunni Lindu Ólafsdóttur. Einnig er stefnt að því að verk eftir 2. og 4. bekk verði á sýningu í Grasagarðinum í apríl á meðan Barnamenningarhátiðin stendur yfir.

SJ

# Heimsóknir þingmanna

Kjördæmavika Alþingis stóð yfir dagana 3. til 6. mars og að því til efni voru þingmenn Norðvesturkjördæmis á ferðinni. Þingmenn Framsóknarflokksins í Norðvesturkjördæmi tóku kjördæmavikuna snemma og gerðu sér ferð á Snæfellsnesið 28. febrúar. Það voru þau Stefán Vagn Stefánsson, Lilja Rannveig Sigurgeirsdóttir og Halla Signý Kristjánsdóttir sem voru á ferðinni. Byrjuðu þau daginn í Snæfellsbæ á að hitta bæjarstjórn Snæfellsbæjar áður en þau héldu svo í Þjóðgarðsmiðstöðina á Hellissandi og enduðu svo heimsóknina í nýju húsnæði Félags eldri borgara í Snæfellsbæ, Höllinni. Þá héldu þau til Grundarfjarðar og funduðu með bæjarstjórninni þar áður en þau heimsóttu Fangelsið Kvíabryggju, Fjölbrautaskóla Snæfellinga og Guðmund Runólfsson hf.

Þingmenn Framsóknar voru



ekki þeir einu sem heimsóttu bæjar-arskrifstofu Snæfellsbæjar því að Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, alþingismaður Viðreisnar og fyrirverandi menntamálaráðherra og sjávarútvegs- og landbúnaðarráð-

herra, heimsótti ráðhús Snæfellsbæjar s.l. þriðjudag.

Átti hún gott samtal við bæjarstjóra og starfsfólk í ráðhúsinu

áður en hún hélt áfram og heimsótti aðra áhugaverða staði í Snæfellsbæ.

SJ

**FISKMARKAÐUR  
ÍSLANDS**

Sími: 430 3700  
[www.fmis.is](http://www.fmis.is)

CERTIFIED  
SUSTAINABLE  
SEAFOOD  
MSC  
[www.msc.org](http://www.msc.org)



Skrifstofa prentsmiðjunnar Steinprent  
og umboðs Sjóvá á Snæfellsnesi verður lokuð  
18. mars til 5. apríl

Jökull kemur út 21. mars og 4. apríl

Þeir sem þurfa aðstoð eða upplýsingar vegna trygginga er bent á síma  
**440 2390 og 440 2000**



# Bútasaumshelgi haldin í Klifi

Nokkrar vaskar konur hittust um liðna helgi í þeim tilgangi að stunda bútasaum. Þetta voru konur í Bútasaumsklúbbi Kolbeinsstaðarhrepps og Hraunhrepps. Þær buðu svo konum sem hafa stundað bútasaum í Ólafsvík að taka þátt en úr varð 20 kvenna bútasaums samkoma. Saumurinn fór fram í Félagsheimilinu Klifi frá föstudegi fram á sunnudags eftirmiðdegi og var nánast hver mínúta nýtt í saum. Hópurinn tók sér pásur til að snæða gömsætar veitingar sem meðlimir komu með en sameiginlegur kvöldverður var haldinn bæði kvöldin fyrir alla viðstadda. Bútasaumsklúbburinn hittist venjulega einu sinni á mánuði yfir vetrartímamann en árlega er haldin stór samkoma sem er yfir heila helgi. Þátttakendur eru á breiðu aldrarsbili en sá yngsti um helgina var um tvítugt. JJ



**Við bjóðum upp á  
alhliða bílaviðgerðir,  
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímarpantanir í síma 436-1111



Bílfreidaverkstæði / Egis.  
Rífi. S-4366677

Betra fyrir bílinn

## Veitingahúsið Viðvík til sölu

Viðvík á Hellissandi er nú kominn á sölu. Þaríð Gils Þorri Sigurðsson og Aníta Rut Aðalbjargar dóttir hafa átt og rekið staðinn síðustu sjö sumur ásamt foreldrum Gils, Kristínu Björk Gilsfjörð og Sigurði V Sigurðssyni. Viðvík stendur við þjóðveginn við bæjarmörk Hellissands. Nýuppgergt húsið var byggt árið 1942 en fyrir opnun veitingarstaðarins árið 2017 fóru þau í allsherjar framkvæmdir, skipulögðu húsnæðið upp á nýtt og gerðu það upp. Smekklegur staðurinn er fallegur og hlýlegur, tekur 40 manns í sæti og býður upp á frábært útsýni til Snæfellsjökuls, yfir Breiðafjörðinn og Krossavíkina. Í tilkynningu sem eigendur staðarins settu á Facebooksíðu



Viðvíkur segja þau þakklát fyrir árin í rekstri og hversu vel hefur gengið en frá opnun hefur verið lagður mikill metnaður í rekstur, þjónustu og matargerð á Viðvík. Þá segir einnig í tilkynningunni að þau voni innilega að það sé einhver þarna úti sem muni vilja taka við rekstrinum og halda lífi áfram í húsinu. Tækiferar eru endalaus í Snæfellsbæ og er mikill uppbygging á Hellissandi. SJ

  
**SUMARVINNA  
Í VATNSHELLI**

Óskum eftir starfsmönnum til að leiðsегja gestum í Vatnshelli í sumar.

Gott tækifæri fyrir ungt fólk að kynna náttúrunni og fólk í skemmtilegu starfsumhverfi.

Allar nánari upplýsingar:  
Ægir Þór - aegir@summitguides.is  
848-5256

